

Viðar Eggertsson  
25. febrúar 2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk  
Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Lára Marteinsdóttir  
Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir  
DVCAM 155, 156  
© Krumma films ehf.

Ég heiti Viðar Eggertsson og ég er leikstjóri.

Ég veit ekki hvort það var vegna þess að ég kom inn í þennan heim og vissi að eitthvað beið mín eða hvort ég var svona glaður að ég grét. En þetta var minn fyrsti grátur. Síðan hef ég reynt að gráta sem minnst heldur harka af mér og skilja að heimurinn og ég getum, okkur getur komið ágætlega saman.

Grímurnar tvær? Já. Það þarf alltaf einhverjar svona vogaskálar. Já af því að lífið er svona jafnvægislist og vogarskálarnar eru líka jafnvægislist. Grímurnar eru jafnvægislist og lífið er leikur að þessari sömu list. Maður tekur og gefur og maður er niður og upp, en það er þessi meðvitund um hreyfinguna sem skiptir máli. Og þessi stöðuga leit að balance. Þessi stöðuga leit að jafnvægi, en samt vitandi þess að jafnvægið er aldrei stöðugt. Það getur breyst.

*Spyrill: Hvenær kom fyrsta ástin til þín?*

Ég man ekki eftir því að ég hafi verið ástfanginn sem barn. Ég man ekki eftir því, en ég veit að þegar ég var mjög líttill þá reyndi ég að heilla fólk í kringum mig af því að þar sem ég var staddur sem ungabarn þá, ég var staddur á vöggustofu þar sem mátti ekki snerta börn og, að ég kom mér einhvern veginn upp þeirri aðferð að verða snertur, það voru auðvitað fullt af konum sem unnu þá á þessari vöggustofu en forstöðukonan sem átti son sem var við nám í læknisfræði í Háskólanum og bjó í húsinu, hún notaði mig sem vekjaraklukku á hann. Hún fór með mig sem ungabarn niður til hans og setti mig upp í rúmið hjá honum til þess að hann vaknaði. Það var árangur þess að ég var ekki snertur að ég fékk þetta í gegn á þennan hátt. Þetta kalla ég ekki ást. Því hvað er ást? Ást er þörf fyrir það að vera elskaður, fyrst og fremst. Hún er þörf fyrir að spegla sjálfan sig í augum einhvers annars. Og þetta sem sagt, þessi þörf fyrir aðdáun eða eftirtekt eða eitthvað slíkt vaknar þarna fyrst í brjósti fólks á unga aldri. En það sem við síðar köllum ást einnar manneskju til annarrar, ég man ekki eftir því hver hún var í upphafi. En ég held að ég hafi reynt síðan, eins og flestir aðrir, að spegla mig í augum annarra og þá gengur þetta út á að fá á vissan hátt viðurkenningu. Og svo kemur að því einn daginn að maður áttar sig á því að maður er ekki eins og fólk er flest og aðdáun og athygli er ekki svo sjálfsögð. Og þá tekur maður kannski upp á einhverju öðru til þess að vekja eftirtekt eða athygli, hvað svo sem gáfulegt sem það er eða fánýtt

sem það er, en alltaf er þetta þörfin fyrir að nálgast aðra manneskju og að hún viðurkenni mann. Ég legg snemma út í leikhús, kannski var það líka þörfin fyrir athygli, þörfin fyrir aðdáun, en kannski líka þörfin fyrir að prófa ýmsar leiðir að því hver ég sjálfur væri. Og leikhúsið er heimur listamanna, leikhúsið er heimur möguleika og leikhúsið er heimur tilfinninga. Og með því að gefa mig því á vald þá var ég kominn á svona vígvöll þar sem að svo mörg vopn voru leyfileg og þar sem að mörg hlutverk voru leyfileg og þar sem var hægt að gera svo margar tilraunir. Þegar ég svona byrja að feta mín spor á leiksviði þá var ég unglingur, ég var á gelgjuskeiðinu, ég var sem sagt, í rauninni að verða kynþroska og orðinn kynþroska. En að fá sínum eigin tilfinningum fullnægt var mjög erfitt vegna þess að leikhúsið er jú, spegill samtímans, það er spegill hvers tíma sem við lifum. Þó að leikhúsið vilji vera heimur listarinnar og víðmeðninnar og vera opinskátt og gagnrýnið, eins og var á þessum tíma, því þetta er kringum '68, þetta er svona þegar konur brenna brjóstahöldum og fólk mótmælir Víetnamstríðinu og Rauðsokkahreyfingin og kvennabaráttan fer í algleyming, þá er það samt ekki baráttan mín, það er ekki alveg minn tími, en ég nýt þess, ég nýt þess að vera í skjóli þess arna: Þessa svokallaða umburðarlyndis. En umburðarlyndið er alltaf þegar við höfum efni á því, þegar að við getum leyft okkur að vera umburðarlynd, af því að við lifum við þannig aðstæður. En þegar að eitthvað bjátar á, þegar baráttan verður harðari, þegar lífsbaráttan og aðstæðurnar verða grimmilegri, þá fer fólk að sýna klærnar. Fordómar eru alltaf huldur í slíku samfélagi, en þeir hvíla undir niðri. Þeir eru svona svipað eins og við tölum um að Reykjavík sé ákaflega hrein höfuðborg, einhver tærasta, hreinasta höfuðborg heims og á björtum sólardegi, í stillum þegar okkur líður hvað best í miðborginni þá þurfum við ekki annað en að klifra upp í hæðirnar í útjaðri borgarinnar og líta yfir, niður í mannlífið í miðborginni og við sjáum það ekki, við greinum það ekki í gegnum þessum þoku sem myndast af mengun, mengun sem hvílir yfir miðborginni. Þannig eru fordómar í samfélaginu, þeir sjást ekki fyrir en við förum í jaðarinn og horfum þaðan, á líf okkar. En ef við tölum um leikhúsið, þetta frelsi að fá að búa í samfélagi umburðarlyndis og fordómaleysis, þá var það nú ekki umburðarlyndara og fordómalausara en það að þegar ég er að stíga mín fyrstu skref út í lífið og er að berjast við að reyna sem sagt að finna út hver ég er og horfast í augu við sjálfan mig og mínar tilfinningar, þá man ég ekkert eftir því að ég hafi séð á leiksviði manneskju eins og mig. Ég held að hún hafi varla fyrirfundist. Samt vissum við að það var eitthvað til sem var eins og maður sjálfur, eða við. En að gera þá kröfu að fá að sjá slíka manneskju eðlilega og venjulega, en þó svo að tímarnir hafi verið tímar uppreisnar og baráttu þá var þessi barátta ekki unnin þarna. Og ekki til. Það voru ennþá skrípamyndir af hommum og

lesbíum á leiksviði, ef að lesbíur voru á annað borð nefndar á nafn. Hitt voru svona grínþikur sem við sáum fyrir í leikritum. Sem voru aðallega svona sem krydd og skemmtiatriði fyrir alla til að hlæja að og það var svo auðvelt að safnast saman í þann hóp og hlæja líka. En sá hlátur var yfirleitt beiskur og sár, því ég held að innst inni hafi litla sálin vitað að maður var að hlæja að sjálfum sér og það er ekki spegill sem maður vill horfa í, spéspegill er ekki sú mynd sem maður vill sjá af sjálfum sér, ekki sú mynd sem maður sér í spéspegli. Spegillinn þarf að vera hreinn. Spegill þarf að vera hreinn og hann þarf að vera ókámugur og hann þarf að vera tær og hann þarf að vera hreinskilinn. Og hreinskilnin skiptir máli. Þannig að þegar, ég man eftir því að þegar ég er í Leiklistarskólanum þá er sýnt leikrit eftir Tennessee Williams við Þjóðleikhúsið, verk sem hét Leiguhjallur og það er í raun og veru verk sem hann byggir á eigin lífi, þegar hann var ungur maður og bjó í leiguhjalli einhvers staðar í Bandaríkjunum, New Orleans eða einhvers staðar eins og flest leikritin hans gerast og í þessu húsi er sem sagt ungur maður og þar er fullorðinn maður og þessi fullorðni maður er hommi og þessi ungi maður er hommi. En maður gekk út einhvern veginn af þessari leiksýningu með viðbjóði. Ég held ekki að það hafi verið ætlun Tennessee Williams. Ég held að það hafi eitthvað verið að, af því, og það var kannski ekkert vilji þeirra sem stóðu að sýningunni, ég held að það hafi bara verið samfélagið sem við lifðum í að þetta var það sem að var samþykkt, það sem átti að vera, svona áttum við að skilja og svona áttum við að sjá. Það er svo merkilegt með íslenskt leikhús að það er, hefur alltaf verið meira og minna frekar fordómafullt. Það hefur alltaf meira og minna fylgt fjöldanum. Og kannski frekar, og það hefur svona, jú, einhvern veginn orðið svona aðeins sýnt tilburði umburðarlyndis, en það hefur líka barið sér á brjóst, ef það hefur verið og ákaflega montið af því og hreykt sér yfir því. Í staðinn fyrir að segja: Auðvitað, leikhús og listir, eins og aðrar listir á að vera í fararbroddi, á að vísa veginn. Við eigum ekki að labba á eftir áhorfendum. Við eigum ekki að bíða eftir að meirihluti áhorfenda samþykki hvað við sýnum eða segjum þeim. Við eigum að vera á undan og ryðja brautina. Auðvitað eru gleðilegar undantekningar á þessu. Ég er nú, vil ekki alhæfa um það. En það er svo merkilegt að þær undantekningar eru fáar og þær hafa yfirleitt gerst á jaðri leikhússins. Hafa yfirleitt gerst í einhvers konar afkimum leikhópa eða niðri í kjöllurum eða upp á háalofiti eða einhvers staðar ekki í alfaraleið. Og hið borgaralega leikhús, stofnanaleikhúsið á Íslandi, hefur alltaf verið frekar íhaldssamt. Því miður. Og maður hugsar, þessi togstreita commercial listar, sem leikhúsið er á vissan hátt, það er að vera bæði framsækið en um leið markaðsvætt og markaðsvænt. Að það hefur háð leikhúsinu vegna þess að það finnur sig ekki í sínu hlutverki af því að það er alltaf að þjóna

tveimur herrum. Og ef þú ert markaðsvænn og fylgir straumnum, hinum stríða straum, þá þorirðu ekki að hefja upp rödd þína einn og sér og sterkur, jafnvel þó þú sért að segja sannleikann.

Auðvitað eru alltaf undantekningar á öllu og það eru minnisstæðar sýningar sem að svona fengu kannski hjarta manns til að slá og það sem meira var að það sannaði að áhorfendur voru alveg sammála, þeir vildu fá að sjá alvöru fólk á sviðinu. Og ég held að að standi nú kannski einna sterkast upp úr sýning Alþýðuleikhússins á Petru von Kant, Beisk tár Petru von Kant eftir Fassbinder. Það var sýning sem sló aðsóknarmet. Það voru, held ég, 100 sýningar, að vísu í litlum sal, en það var sýnt á eftirmiðdögum og laugardögum og sunnudögum og það var alltaf troðfullt. Það þurfti ekkert að auglýsa þessa sýningu. Þetta var mjög góð leiksýning, alveg afbragðs uppfærsla, bæði vel leikin og vel leikstýrt, en áhorfendur flykkust á þessa sýningu og það einhvern veginn svona, maður segir: Já, þetta, svona á lífið að vera. Það á að segja sannleikann. Og vera stoltur af því. Svo, jú, það kom skemmtilegur leikhópur breskra kvenna [klappi...?], það var í Stúdentaleikhúsinu. Og ég man eftir sýningu auðvitað á Bent hjá Stúdentaleikhúsinu, sem var líka að mörgu leyti mjög merkileg sýning. En ég held að fyrsta svona leiksýningin sem fjallaði um homma var í tilefni kvennaáratugarins, kvennafrídagsins. Ég held þetta hafi verið í tilefni af baráttu kvenna og það var Saumastofan eftir Kjartan Ragnarsson. Þar var hommi sem var auðvitað klæðskiptingur og var auðvitað, vildi vera einn af konunum. Og ég held að, ég hafi eiginlega aldrei móðgast jafnmikið, nokkurn tímann, eins og að horfa á svona baráttuverk sem fór svona. [Hlær]. Það var einhvern veginn eins og til að slá mann út af laginu. Já, þetta var held ég 1975, sem þetta tímamótaverk var sýnt. En sem sagt, eftir það fer svona aðeins aðeins að lyftast brúnin á fólki og það fer að vera aðeins stoltara og öruggara. Ég meina Samtökin eru stofnuð '78 og að það er ekki fyrir en á níunda áratugnum sem við erum að sjá leiksýningar þar sem að heiðarleikinn er í fyrirrúmi, og þar sem við erum að horfa á alvöru fólk sem er samkynhneigt. Og það er í þessum jaðarleikhúsum, gestasýningum frá útlöndum eða jaðarleikhúsum á Íslandi.

Ég þykist halda það að ég hafi aldrei orðið fyrir fordómum innan leikhússheimsins vegna kynhneigðar minnar. En fordómar eru líka etthvað það erfiðasta sem að maður hefur til þess að höndla. Eða snerta. Og þeir eru svo ósnertanlegir. Þeir eru svo duldir. Maður getur aldrei fullyrt hvort eitthvað atvik sem hafi gerst í lífi manns hafi verið vegna þessa eða ekki. En ég hef í sjálfu sér aldrei orðið fyrir beinum fordómum. En auðvitað hef ég orðið fyrir ýmsum óbeinum

fordómum. Og hvort sem þeir hafa haft sterk áhrif á feril minn eða annað það mun ég aldrei geta sagt til um. En það er kannski það erfiðasta að það eru óbeinir fordómar, er eitthvað sem maður getur aldrei almennilega slegist við.

Nei í sjálfu sér sko, fyrirmyndirnar þegar ég byrja í leikhúsi eru engar fyrirmyndir. Maður heyrði bara sögur af Haraldi Björnssyni stórleikara, að hann hafi verið samkynhneigður. Og það voru, og hann fékk það af því að hann var stór. Og það var kannski hin raunverulega fyrirmynd: Hann fékk það af því að hann var stór. En samt sem áður auðvitað sem skiljanlegt er, hann er barns síns tíma og lifir í litlu samfélagi að hann er sem sagt er ekki, lifir ekki þannig lífi opinberlega, en það vissu allir, og meira að segja ég sem ungur maður í leikhúsi heyrir af því sögur, en á sama tíma veit ég að hann hafi verið einn af helstu leikhúsmönnum Þjóðarinnar. En svo heyrir maður seinna líka aðrar sögur. Maður heyrði líka sögur af einhverjum sem að svona var vikið til hliðar þegar hann átti að fara inn í Leiklistarskóla Þjóðleikhússins í gamla daga, að undirlagi Haraldar. Og maður veltir fyrir sér, sko, já, þarf maður að vera nógu stór til þess að ryðja fólk úr vegi þannig að fólk þori ekki að ryðja manni úr vegi. Þarf maður að passa sig þangað til að maður er búinn að vinna sér þann sess að þá má maður tala. Þá má maður vera. Þá má maður sýna sig. Þannig að maður heyrði nánast ekki af neinu samkynhneigðu fólk í leikhúsinu nema svona sem var pískrað um að einhverjir hafi verið einhven tíma. En beinar fyrirmyndir voru ekki til. Ég held að leikhúsið á Íslandi hafi nánast systematískt reynt að hreinsa út hjá sér eða koma í veg fyrir að slíkt fólk færi inn á sviðið. Það er svolítið athyglisvert að sjá það að yfirleitt víða erlendis, ef við tölum til dæmis um í Englandi þar er hlutfall samkynhneigðra miklu, miklu stærra í bresku leikhúsi heldur en nokkurn tíma hefur verið á Íslandi. Og það hefur verið svona stundum talað um sko, hin síðari ár þegar okkur hefur verið örlítið fjölgandi eða við svona aðeins orðin sýnilegri, að þá svona stundum í flimtingum verið að spauga með það að við séum fyrir. En við skulum ekki gleyma því að brandarar eru oft mjög beittir og húmor er aðferð líka til þess að láta í ljós fordóma.

[Hlær] Sko, auðvitað hefur alltaf verið til í okkar samfélagi, í íslensku samfélagi, og ekkert síst í leikhúsinu, því eflaust hafa margir leitað inn í leikhúsið eða leiksviðslistirnar sem skjól líkt og ég gerði. Og það hefur gerst í gegnum alla öldina síðustu. En það fólk hefur kannski ekki þorað, og hefur ekki þorað, að láta eða að gefa sig fram eða láta fullkomlega tilfinningar sínar í ljós. Og þess vegna átti ég eiginlega enga fyrirmynd. Ég átti ekki aðra fyrirmynd en þá að fólk var í felum. Og

Þess vegna kannski erum við að stíga fyrstu skrefin í dag, að vera heiðarleg í leikhúsinu gagnvart samkynhneigðum og við sem störfum þar sem slík eða erum slík og erum að starfa í leikhúsi, að það er kannski fyrst núna sem við horfumst verulega í augu við það og tökum okkar rými. Og það er ekki fyrr en núna sem að einhverjar fyrirmyndir verða til. Leiklistarsagan íslenska er full af, ekki full, en leiklistarsagan íslenska geymir margan felu-hommann og felu-lesbíuna. Og þær urðu aldrei fyrirmyndir nema sem góðir listamenn og það er í sjálfu sér líka fyrirmynd, á vissan hátt. En ég er að vona að við eignumst í dag bæði, fólk sem er bæði góðir listamenn og lesbíur og hommar og án þess að fara í neinar felur með það og njóti virðingar fyrir hvort tveggja í samfélaginu.

Það er líka, sko, við erum að tala um samfélag, breska samfélagið, breskt leikhússamfélag hefur verið [heyri ekki] af samkynhneigðu fólki og það hefur verið mjög umburðarlynt. Ég meina það er gömul goðsögn í bresku leikhúsi að Shakespeare hafi verið hommi og þetta er hluti af leikhússamfélaginu. Það sem að hefur háð okkur alltaf er það að við búum í litlu samfélagi, við búum í samfélagi sem að er svo lítið að manneskjan þorir varla að vera öðruvísi, en það er líka svo gott að þú mátt vera öðruvísi. Þetta er kannski erfitt að skilja hvað ég meina með þessu, en ég meina með að þetta er samfélag sem mun aldrei skilja þig eftir úti á götu. Ef í harðbakkana slær þá mun það aldrei vera svo vont við þig að það muni berja þig bókstaflega, ekki bókstaflega, eða jú, ok [hlær]. Þetta er ekki góð samlíking. En þetta er samfélag sem að verndar þig að lokum. Þú týnist ekki bókstaflega. En þú mátt heldur ekki vera mikið öðruvísi. Og það vita allir um þig. Þú hverfur ekkert inn í þetta samfélag, þú hverfur ekkert. Ef þú einu sinni hefur gert eitthvað af þér, þá mun það fylgja þér allt þitt líf. Þú getur ekki einu sinni skipt um nafn og horfið. Þú verður alltaf þú. Og kannski er það þess vegna sem að fólk er hrætt við að brjóta sig út úr sýna á sig einhverja, sýna af sér einhverja aðra hegðun, vera eitthvað annað en fjöldinn. Af því að það er miklu stærra skref fyrir fólk í litlu samfélagi heldur en stóru.

Ég hef aldrei verið hrifinn af ghetto hugmyndum. Ég hef ekki verið hrifinn af því í sjálfu sér sem svona absolute leið að það sé bara til homma- og lesbíuleikhús. Það sé bara til homma- og lesbíuskemmtistaðir. Það sé homma- og lesbíuhverfi. Mér finnst sko mesti sigurinn verða þegar við erum fullgild hvar sem við erum, á okkar eigin forsendum og þurfum hvorki að nota það sem afsökun né ástæðu.

Sko, þetta er, öll góð leikrit eiga rétt á sér en það á ekki að hafna þeim af því að það er óþægilegur sannleikur sagður í þeim. Og ég vona að við komumst á það stig að góð leikrit, ef þau fjalla um homma og lesbíur að þau séu alveg jafngjaldgeng og önnur. En ég held að þau hafi verið sniðgengin oft á tíðum, nema þegar þau eru í tísku. Það er búið að vera í tísku undanfarin ár að vera umburðarlyndur. En ég vil ekki sveiflast, ég vil ekki að líf okkar sveiflist á mælikvarða tískunnar. Ég vil að raunveruleikinn, hann sé alltaf opinn og hann sé, þó hann sé óþægilegur að þá sé hann alltaf sýnilegur. Og ég held að það sé ekki endilega leið að hverfa inn í eitthvert, pínulítið virki og loka sig af. Ég vil að samfélagið, að við séum hluti af samfélaginu og jafngjaldgeng og allir aðrir. Ég vil ekki fá að vera listamaður af því að ég er hommi. En ég vil fá að vera hommi sem listamaður.

Að þessu leyti. Ég meina hún var í nafni, þetta er nefnilega það sem ég er að tala um, sko, hún var í nafni kvennabaráttunnar og homminn hafður með en um leið er hann einhver skrípamynd, um leið er hann svona fyndni gaurinn. Einn af konunum. Þú veist, það er til svona gamalt trix, sko, að klæða karlmenn í kvenföt og það sé ofsalega fyndið. Þessi kynusli er alltaf settur einhvern veginn upp sem hommaskapur, sem eitthvert skemmtiatriði. Þetta fitl við það og það er oft í nafni sannleikans, í nafni baráttunnar. Mér fannst þetta mjög ósmekklek, sko, samsetning. Á sama tíma og þú ert að, svona koma með nýtt og framsækið verk um stöðu konunnar að þá seturðu einn homma með og setur hann í kjól til að hlæja að honum. Og hann verður svona fígúra. Trúðurinn. Hann er svona kryddið. Spaugið. Um leið verður einhvern veginn fellur, styrkleiki verksins fellur gagnrýnin niður í einhverja undarlega lægð. Og mér finnst þetta svolítið vera eins og hvernig, sko kvennabaráttan er mjög merkileg og hefur verið mjög merkileg fyrir samkynhneigða á Íslandi, á vissan hátt. Rauðsokkurnar og Kvennaframboðið og síðar Kvinnalistinn tóku svolítið upp á arma sína baráttu samkynhneigðra af því að ég vil meina af því að þær urðu að gera það, af því að þær vildu ekki vera svo sjálfhverfar og segja að þær væru einar. En þær voru mjög fljótar, held ég, að fórna bráttumálum samkynhneigðra. Þær voru alltaf svolítið hræddar við lesbíustimpilinn. Þetta voru mussukerlingarnar, ómáluðu og ógreiddu og ósexí í Rauðsokkahreyfingunni, það var ekkert kvenlegt, nógu kvenlegt við þær, til staðalímyndum um kvenleika og fegurð, þær voru að hafna því, en um leið minntu þær á líka einhverja skrípamynd af, fyrir fram gefna skrípamynd af lesbíunni og þær óttuðust á vissan hátt þennan stimpil. Þær óttuðust að falla í niður í aðra gröf sem var miklu dýpri heldur en að vera kona. Gagnkynhyneigð kona var þó aðeins betur stödd heldur



en samkynhneigð kona eða samkynhneigðir karlmenn. Þannig að þó svo í nafni umburðarlyndis og í nafni jafnréttis og baráttunnar, meðvitaðar manneskjur samt, að þá þegar kom að þeim þröskuldi að réttindi fóru að vinnast þá var ákafinn það mikill að ég vil meina að þær hafi fórnað þeim öðrum hópum sem viðurkenndir eru í samfélaginu að hafa í raun og veru, já, settir til hliðar, þegar þær náðu sínum réttindum þá voru þær ánægðar með í sjálfu sér að verða jafnfætis gagnkynhneigðum, hvítum, ólömuðum, kristnum karlmanni. Það er þar sem þær vildu standa og sögðu sem svo, virtist vera, að það væri í sjálfu sér markmið, þær gætu ekki verið að draga hlassið fyrir alla hina og að þegar karlmennirnir hleyptu þeim, þessir gagnkynhneigðu, ólömuðu, hvítu, kristnu karlmenn, hleyptu þeim inn í hús sín og á sinn vígvöll, að þá voru þær svo fegnar að komast þangað inn að smáborgaraskapurinn hann varð yfirsterkari. Og þetta vil ég meina, við sjáum í lögum um jafnréttisráð. Fyrir mér eru jafnréttislög um jafnrétti allra í samfélaginu burt séð frá kyni, kynhneigð, trúarbrögðum, litarhætti, fötlun, en ekki bara milli karls og konu. En þessi, sem sagt, staða hefur náðst í kvennabaráttunni að það eru komin jafnréttislög sem eingöngu fjalla um það að konur séu örugglega jafnfætis þessum fyrrnefnda karlmanni, sem ég nefndi. Og þessi lög eru ólög að því leyti að þau geta brotið á, auðveldlega, úrskurður þeirra getur brotið á auðveldlega á rétti hinna hópanna sem þegar hafa þó verið viðurkenndir að ættu í vök að verjast í samfélaginu. En þær sætta sig við það. Það er hlýtt í faðmi gagnkynhneigðra, hvítra, kristinna, ólamaðra karlmannna.

*Hrafnhildur: Standa konur jafnfætis körlum í dag?*

Það er ennþá þannig í okkar samfélagi að konur hafa ekki náð jafnrétti á við karla í launum. Það eru allar kannanir sem sýna það að konur séu yfirleitt töluvert lægri í launum en karlar, en þá er alltaf miðað við gagnkynhneigðan fjölskylduföður. Það er nefnilega annar hópur til, sem er líka mun lægri í launum heldur en þessi viðmiðunarhópur, þessi gagnkynhneigði, hvíti, ófatlaði, kristni karlmaður, fjölskyldufaðirinn. Það eru ókvæntir, barnlausir karlmenn og hverjir eru ókvæntir og barnlausir karlmenn? Upp til hópa eru þeir samkynhneigðir. Og þeir eru í raun og veru staddir á sama stað og konur. Þannig að við erum alltaf með viðmiðunina á þessum hvíta, gagnkynhneigða, kristna, ófatlaða karlmanni. Og það eigum við það sameiginlegt með konunum að okkur er haldið niðri af því að við erum ekki ennþá viðurkenndir sem fyrirvinnur okkar, ekki einu sinni okkar sjálfra. Við þurfum ekki það sama og fjölskyldufaðirinn í kjarnafjölskyldunni. Þessi straight heimur sem við lifum í og þannig er raunveruleikinn. Og meðan við lifum við slíkan raunveruleika

Þá hefur ekkert áunnist. Það vinnst ekki fyrr en við höfum þurrkað út þessi mörk og hver og einn einstaklingur fær að vera það sem hann er í fullri sátt við sjálfan sig og aðra, án þess einu sinni að þurfa að tala um það. Við erum nú einu sinni svona fólk [Flissar og hlær].

Ég hef kannski stundum farið í taugarnar á öðrum, sko, af því að ég er ekki pólitískt correct. Ég er einhvern veginn á móti því að ég þurfi endilega að umgangast annað fólk af því að það er gay. Mér finnst bara fólk misjafnlega skemmtilegt. Og ég er ekkert svona maður sem er að leita að gay-stöðum eða stöðum sem eru gay friendly. Ég er einhvern veginn kannski svo bláeygður að ég lít á alla staða sem gay-staði og sumir þeirra eru bara straight friendly.

Sko, tungumálið er svo skemmtilegt og ég held að eitthvað það klárasta sem var gert á sínum tíma, og ég held að ég hafi ekkert endilega verið sammála því þá, en mér finnst mjög snjallt í dag, að það, þegar ég var krakki og unglingur og það er kannski ennþá til, að þá var það alveg svívirðilegt skammarorð að vera kallaður hommi, og maður bara þorði varla að taka þetta orð sér í munn, en maður heyrði að ef einhver var alveg ofboðslega reiður út í einhvern annan og vildi ná sér niður á honum, þá var þetta alveg eitthvað það skelfilegasta sem hægt var að segja. En það var mjög klárt af hreyfingu samkynhneigðra að taka þetta orð algjörlega upp á arma sína og gera það merkingarlaust þar af leiðandi. Að gera það að sínu og segja: Já, og með miklu stolti, ég er hommi. Og þá bara einhvern veginn var þetta orðið jákvætt orð sem áður var neikvætt. Og þetta er svona einhvern veginn eins og að snúa vopnunum í höndum óvinarins og allt í einu verður hann vopnlaus af því að maður heldur á vopninu hans og leikur sér að því. Þetta er mjög klár baráttuaðferð. Ég held að þetta sé svona með snjallari aðferðum við það hvernig hægt er að breyta einhverju sem að áður er álitid til þess að niðra mann sé gert þannig að það er orðið bitlaust í höndum annarra. Alltaf er verið að reyna að finna niðrandi orð um samkynhneigða. Ég verð nú að segja það sjálfur að ég hef nú aldrei fundist kynvillingur skemmtilegt orð. Af því að mér finnst það svo heimskulegt. Og heimska er eitthvað sem ég á mjög erfitt með að þola. Og þegar heimskt fólk fer að ráða tungumáli mínu eða lífi mínu, að þá er ég ekki tilbúinn til þess að samþykkja slík örlög. Og heimsk orð og heimskuleg orð og orðatiltæki vona ég að snúist gegn þeim sem nota þau. Ég held að svona orðvillingar sem nota orðið kynvillingur séu mun verra fólk.

Ég hef stundum öfundað lesbíur. Því að þær hafa einhvern veginn komist upp með það, miklu frekar í gegnum tíðina, að fá að lifa sínu lífi heldur en við. Það þótti alltaf mjög skrítið þegar ég var barn þegar einhverjir tveir karlar bjuggu saman og nánast bara óþekkt fyrirbrigði. En ég man eftir mörgum konum eða ég man eftir mörgum heimilum þar sem voru bara tvær konur, vinnukonur, fullorðnar konur að manni fannst þá. Manni fannst það svo eðlilegt og svo sjálfsagt og ég held að þær hafi á þennan hátt átt miklu auðveldara með heldur en við, að fá að lifa sínu lífi. Það var einhvern veginn, samfélagið hefur miklu lengur samþykkt að tvær einhleypar konur gætu nú stutt hvora aðra í lífsbaráttunni og haldið heimili. En hlutverk karlmannsins hefur alltaf verið miklu meira að vera höfuð fjölskyldunnar. Að vera ábyrgur fjölskylduafaðir og þess vegna hefur hann þótt sérkennilegur og skríttinn sem ekki tók á herðar sínar það hlutverk.

*Spyrill: Konur hafa getað verið saman svo lengi sem þær sögðu ekki að þær væru lesbíur.*

Já já, en þær gátu þó allavega lifað saman og það þótti engum skrítið. Það þótti allt í lagi að tvær konur byggju saman, það væri bara eðlilegt og sjálfsagt að þær styddu hver aðra og héldu heimili. Þær fengu það þó.

Svona kannski til þess að lýsa eða til að segja hver er munurinn á breskum og íslenskum leikhúsheimi. Þá var ég einhvern tíma á ferðalagi með Egg-leikhúsið og var boðið þar á þessa risastóru hátíð sem að Edinborgarfestivalið er í Skotlandi og með mér í för voru tvær konur sem voru tæknimenn hjá mér og aðstoðarmenn við sýninguna og höfðu nóg að gera við það. Og einhverju sinni þegar að ég er búinn að ljúka sýningum einn daginn, búinn að leika þar í fjóra klukkutíma í röð venjulega, ég lék á hverjum degi, að þá stendur fyrir utan hellinn sem ég lék í fullorðin kona frá London, sem hafði verið leikkona hjá Joan Littlewood í Theatre Workshop, hinum fræga leikhópi í London og var mjög mikilsmetin kona innan stjórnkerfisins í London, menningargeiranum, og gerðist svona aðdáandi þessa litla Egg-leikhúss og vildi endilega fá að hitta mig. Og það fór ákaflega vel á með okkur, henni og mínum litla hóp, þessum tveimur tæknikonum mínum og mér. Og ég hugsa mér gott til glóðarinnar því að þarna var staddur í Edinborg líka þáverandi framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík, sem var svona á outkikki eftir einhverju áhugaverðu til að fá heim á Listahátíð. Svo ég ákvað að tefla þeim saman. Þessum manni, og hann var þar ásamt konu sinni og þessari bresku konu sem að hafði hin ýmsu sambönd í British

Council og gat sem sagt komið ýmsu til leiðar fyrir hann og fyrir íslenskt listalíf eða list á Íslandi. Og það verður sem sagt úr að við förum öll saman út að borða og þar sitjum við við hringborð, ég og tæknikonurnar mínar tvær íslensku og þessi kona sem heitir Barbara, framkvæmdastjóri Listahátíðar og eiginkona hans. Og það fer ákaflega vel á með okkur og við erum að segja ýmsar sögur og Barbara, eins og hún hét þessi kona hún fer að segja frá dóttur sinni. Og svo segir hún svona eins og í framhjáhlaupi: Já, hún er gay. Og þá segir önnur tæknikonan mín: Ha já, ég er líka gay. Og þá segir hin tæknikonan: Já, ég er líka gay. Og þá segir Barbara: Já, og ég er líka gay. Og þá segi ég: Já, ég er líka gay. Og þá segir aumingja maðurinn sem var eiginlega orðinn einn eftir, leit svona í kringum sig og sá að hann var kominn í algjöran minnihluta og vissi ekkert hvað hann átti að segja og honum leið bara eins og það væri meira en lítið að honum: Já, it's better gay than dull. Og þetta er svona, held ég, í eina skiptið sem ég hef upplifað svona þar sem maður er staddur á einhverjum svona fínum, opinberum vettvangi, með svona einhverjum autoritötum í heiminum, í leikhúsheiminum, þar sem að allt í einu þessi gagnkynhneigði, hvíti, litli karlmaður var kominn í minnihluta og upplifði sig alveg eins og fífl. Og ég hugsaði með mér svona: Já, það var kominn tími til.

*Spyrill: Flott saga.*

Já.

*Spyrill: Passarðu að nefna ekki nafnið.*

Á manninum?

*Spyrill: Litla, ófatlaða, hvíta....*

Það er alveg óþarfi hver þetta var.

*Spyrill: Hver var þetta?*

Hann hét Bjarni. Hann var, held ég, bara eitt ár þarna framkvæmdastjóri. Ég veit ekki hvaðan hann kom. Já. Við vorum, þú veist, aðalliðið, sko, hún var bara svona viðhengi. Þetta var svona venjulegt straight lið. Við vorum svo skemmtileg öll, sko. Þetta var Hanna og Gerla og ég og þessi Barbara, sko, sem að seinna sagði okkur mjög skemmtilega, eða sagði okkur þessa sögu af því þegar hún var að halda við aðra konu, sem var gift og var í, og þær sem sagt hófu opinbert ástarsamband í skjóli mannsins hennar, sko, hún var pólitíkus [heyri ekki] og öll blöðin og median var fyrir utan húsið þeirra þegar þær ætluðu að fara í ferðalag saman, svo maðurinn, eiginmaður hinnar hann sem sagt fór að framdyrunum og hélt öllum fréttamönnum á snakki meðan þær laumuðust út bakdyramegin.

*Spyrill: Liberal maður.*

Já, alveg. Þetta var alveg gæi, sem bara að þú veist hugsaði þetta er lífð hennar og hann bara hjálpaði þeim, sko. Var bara í því að hjálpa þeim. En það var svo fyndið að þær voru mæðgur, þær voru báðar gay.

*Spyrill: En tvíbúrasystir þín er ekki gay?*

Nei, ekki svo ég viti. Við erum ekki eineggja, sko. Við erum af sitthvoru kyninu.

*Spyrill: Jæja, eigum við að tala aðeins um [heyri ekki]. Geturðu teiknað fyrir okkur meira almennt andrúmsloftið á sjöunda nei, áttunda áratugnum?*

Þegar ég kem til Reykjavíkur?

*Spyrill: Já.*

Ég lifi alveg í svo miklu vernduðu umhverfi, sko. Ég er inni í svona lista- og menningargeira, sem unga liðið, var í Hárinu og allt þetta lið, sko.

*Spyrill: Hvernig var að vera ungur hommi í Reykjavík 1972?*

Ég held að ég muni andartakið sem ég ákvað að koma út úr skápnum. Ég held að ég muni þá stund. Og hún var auðvitað mjög, sko, leikhúsleg óneitanlega. Þetta var í Leiklistarskólanum. Ég var á öðru ári, var átján, nítján ára, átján ára og einhvern veginn eins og fannst mér ég þyrfti að fara að segja þessum bestu vinum mínum, búinn að gefa, maður gefur ótal merki, maður er alltaf einhvern veginn að senda út signöl og segir: Please, sjáið þið það? Ekki láta mig þurfa að segja það. Svona undirbýr jarðveginn. Undirbýr fólk. Og einhvern veginn þarf maður að fá útrás. En þessi stund held ég að hafi skipt höfuðmáli og sem ég man sérstaklega eftir. Við vorum í spunatíma í kjallaranum í Tónabæ, þar sem við höfðum aðsetur, Leiklistarskólinn, þá. Og okkur er skipt upp í hópa og ég og þrír, held ég, aðrir úr bekknum áttum að búa til myndlistarsýningu þar sem eitthvað ákveðið gerðist sem að einhvern veginn breytti. Og við áttum að hrífa hina með og þeir áttu að vera með okkur á myndlistarsýningunni. Og af einhverjum ástæðum, þegar við erum byrjuð á þessum spuna þá fer ég úr öllum fötunum, hverri einustu spjör og þar sem að hinir reyna að láta eins og þetta sé eðlilegt og ég læt eins og ekkert sé sjálfsagðara að þá kemur inn norræn sendinefnd sem var að skoða húsið á vegum Íþróttá- og tómstundaráðs [hlær], með Hinrik Bjarnason í fararbroddi og labbar í gegnum salinn hjá okkur. Og þar sem ég stend, kviknakinn og láta eins og ég sé í öllum fötunum, því að út á það gekk hugmyndin að ég ætlaði að haga mér eins og ég væri í öllum fötunum. Og ég held að þessi unglingur, sem var að strippa sig en um leið að gera þá kröfu að hann fengi að haga sér eins og hann væri í öllum fötunum og að ekkert væri eðlilegra, hann var ekkert að gera annað en að segja: Þetta er ég og svona vil ég vera.

Nei. Ég man bara eftir þessum hóp, þau komu og horfðu. Þú veist, þau vissu ekkert á hverju þau áttu von, þau voru bara að skoða einhvern svona tómastundarheimili. Íþróttá- og tómastundaráð og þá komu þau bara að einhverjum unglingi sem stendur þarna kviknakinn. Þetta er ekkert, þú veist, þarna er nekt nánast sko, hún þykir í frásögur færandi ef hún sést á leiksviði. Þarna þykir tíðindum sæta ef það sést í typpið á einhverjum einhvers staðar. Það var kannski þolanlegt ef það voru kvenmannsbrjóst. En nakinn karlmaður er ekki svona alveg til sýnis.

*Spyrill: Tabú.*

Tabú. Tabú.

*Spyrill: Hefurðu eitthvað meira að segja um þennan gay heim? Horfðirðu einhvern tímann á lengdar á Samtökin, Hörð og allt þetta brölt?*

Sko, ég kynntist, ég er rétt kominn til Reykjavíkur þegar ég kynnist Herði og ég meina, hann er leikhúsmáður á þessum tíma. Þetta er áður en hið fræga samtal sem kom í Samúel. Og Hörður var partur af mínum vinahóp. Þetta voru, þau sem ég umgengst voru ungir leikarar eða leiklistarnemar, sem voru þá í Reykjavík. Og ég síðan, sem sagt veit af þegar verið er, ekki meira en veit af, ég er kallaður til þegar verið er að svona undirbúa stofnun Samtakanna '78. Þá er svona, man ég eftir mér í einhverri íbúð úti í bæ og ég man alltaf hvað ég var hissa hvað við vorum margir. Þetta var í fyrsta sinn sem ég sá á Íslandi samankomin fimmtán til tuttugu manns sem að ég gat verið viss um að það voru allir eins og ég. Og ég man alltaf hvað ég var hissa. Þetta var svona andartakið sem maður allt í einu uppgötvar: Jú, ég er ekki einn. Og það er kannski einmitt það sem að hafði töluverð áhrif á mann. En það var líka þetta hugrekki samt, þessara manna að koma saman. Ég man að það voru menn, þeim leið alla vegana, það voru menn sem að hefðu helst ekki viljað vera þarna eða sjást. En stigu samt þetta skref og ég held að það hafi skipt þá líka jafnmiklu máli og mig að horfast í augu við mig og segja: Þú ert hérna á sömu forsendum og ég.

*Spyrill: Hvað gerðist svo eftir það? Finnst þér? Hver þróunin hefur orðið.*

Sko, það sem hefur gerst síðustu tvo, þrjú áratugin er í raun og veru algjörlega kraftaverk. Ég meina það er fólk sem hefur lagt sig svo fram og hefur lagt hamingju sína og líf að veði til þess að samfélagið sé betra en það hefur nokkurn tíma áður verið í garð samkynhneigðra. Og það sem meira er það er ekki bara í garð samkynhneigðra, það er ekki bara líf þeirra hefur ekki batnað, heldur hefur þetta haft bætandi áhrif á samfélagið allt. Því að fólkið sem við eigum að, fólkið sem býr með okkur, því líður líka betra. Því að samfélag sem er fullt af fordómum er samfélag sem er óttaslegið, það er samfélag sem er hrætt og samfélag sem getur orðið sjálfu sér hættulegt.

*Spyrill: Við þurfum að tala um einn mann í viðbót. Ég er ekki viss um að hann endi inni í myndinni eða ekki, en það er Felix Bergsson. Hefurðu eitthvað um hann að segja?*

Nei, ég hef svolítið um þessa sýningu hans að segja, Hinn fullkomni jafningi. Þá er ég bara að tala um, meira svona, eins og þegar ég er að tala um leikhúsið, sko.

*Spyrill: Hvaða ár var það?*

Ég man ekki hvaða ár það var.

*Spyrill: Stundum minnst á barnatímann.*

Já já. Ég horfi aldrei á barnatímann. Ég var sjálfur í honum í gamla daga, sko, var í Stundinni okkar. Nei, ég var með Beggu, það var svona á móti Palla. Palli og, það var bara einn vetur, sko. Það var alveg skelfilegt. Ég þoli ekki barnaefni í sjónvarpi.

*Spyrill: Nei.*

Ég lifði á barnaefni sem ungur leikari.

Sko, þetta, þessi spurning um hvers konar listamaður ertu og hvor er sterkari, þú eða listamaðurinn, það er að segja listin sem þú þarft að flytja eða þú sjálfur. En leikarinn er svo sérstakur, því leikarinn er alltaf að nota sjálfan sig. Leikarinn er einhver berskjaldaðasti listamaður sem til er, því hann notar líkama sinn og hann notar tilfinningar sínar. Og svo er misjafnt hvernig við vinnum svo með það. Það er hægt að gera það líka á mjög meðvitaðan og jákvæðan hátt að segja sem svo: Ég og tilfinningar mínar eru listamaðurinn og er listaverkið sem ég er að búa til. Og ef manni liggur eitthvað á hjarta og er tilbúinn til þess að leggja sjálfan sig einhvern veginn að veði, meira heldur en bara list sína, heldur líka tilfinningar sínar eða hefur eitthvað það að segja að maður vill setja það í forgrunn, þá er það í sjálfu sér ágætt og kannski gott dæmi er um sýningu Felix Bergssonar á Hinum fullkomna jafningja. Þar sem hann ákveður að nota list sína til þess að segja það sem var honum efst í huga og honum fannst skipta mestu máli. Þó svo að mér hafi fundist það verk og sú sýning ekki endilega okkur til framdráttar, ákafinn við það að búa til svona með leikhúsinu heim samkynhneigðra var held ég, ákafinn var eiginlega, sko, listinni yfirsterkari og varð eiginlega svona, fjötur um fót. Því mér fannst einhvern veginn að þegar að þér liggur svona mikið á hjarta



og hefur með allt ómögulegt, ekki það sem ég ætlaði að segja. Mér fannst, sko, mér fannst þetta ekki sönn mynd. Mér fannst allt í einu sko, eins og, nei.

Nei. Mér fannst svo sorglegar þessar persónur. Þær voru allar óhamingjusamar og niðurstaðan eins og ég sá var að það væri bara best að drepa sig. Það bara fékk ég út úr þessu. Ég fékk ekkert annað út úr þessu verki en að þetta væri helvítis óhamingja [hlær] Ég held að þær hafi allar drepíð sig eða allar dáíð af orsökum þess.

Mér finnst hún ósympathísk. Og mér finnst, sko ég er ekki stoltur, ég vil vera stoltur. Ég vil segja ég er ég og ég má líka vera leikari og ég má vera myndlistarmaður og ég má, það er mitt mál. Og þið berið fulla virðingu fyrir mér sem slíkum. En að ég þurfi alltaf að segja: Ég heiti Viðar Eggertsson og ég er gay. Ég vil ekki lifa svoleiðis lífi. Ekki frekar en ég vil segja: Ég er Viðar Eggertsson og ég fékk nýrnasteinakast í fyrradag og þurfi að kynna mína stöðu þannig eins og með einhvern, svona eins og sé búið að tattóera á mig eins og einhvern eilífðar, já. Skiljið þið hvað ég meina? Já, ég meina, það eru ekkert allir sammála mér í þessu. Ég held að sko, samfélagið verði ekki gott fyrr en við fáum að vera það sem við erum án þess að biðjast afsökunar á því.

*Spyrill: En þetta er kannski eitthvað stig sem við verðum að fara í gegnum. Geturðu kannski sagt þetta að við verðum að slíta barnsskónum, að umræðan þarf að verða...*

Þetta er bara eins og, þetta er það sama og ég var að tala um gettóin áðan, þetta er í rauninni nákvæmlega það sama, sko. Þetta er að tala um, auðvitað skil ég að stundum þarf að ganga mjög langt og því miður þarf oft í réttindabaráttu, til þess að heimurinn sé betri, þurfa sumir að fórna sér. En ég vil ekki að við þurfum að sjá á bak fleira fólki. Ég vil ekki sjá fleiri bálkesti. Ég vil ekki sjá fleiri fórnarlömb. Ég vil trúa því að samfélagið geti loksins farið að fórna einhverju fyrir okkur. Við höfum séð allt of marga vera í sárum, allt of marga sem hafa lagt allt of mikið af mörkum hafa gengið of nærri sjálfum sér til þess að gera samfélagið betra. Nú er komið að samfélaginu að acceptera okkur og leyfa okkur að njóta okkar.

Svo þegar alnæmisfaraldurinn byrjar, þessi óhugnanlegi faraldur, sem fyrst og fremst er greindur í hinum vestræna heimi meðal homma, þá má eiginlega segja sem svo að vegna þess að við erum

organiserað, að við erum farnir að vera meðvitaðir um stöðu okkar og líf að okkur tekst framar öðrum þjóðfélagshópum að bregðast við. Og ég vil meina það að samkynhneigðir karlmenn á Íslandi hafi sýnt meiri ábyrgð heldur en flestir aðrir hópar samfélagsins. Við líka, í byrjun, urðum að sjá á bak nánnum vinum sem að féllu fyrir þessari veiru en á móti kom, af því að því var haldið að okkur, að þessi alnæmisveira leggjdist eingöngu á samkynhneigða karlmenn að þá vorum við upplýstir um í hvaða hættu við vorum í og hvað gæti ollið því að við smituðumst eða yrðum fyrir þessu, að við vörðumst, en eins hlægilegt í sjálfu sér eins og það er eða gráthlægilegt að einhverjir vísindamenn skuli hafa haldið því fram að einhverjar, litlar veirur myndu banka upp á: Ert þú ekki örugglega hommi? Okay, þá kem ég. Ég held að það hafi nú verið það hlægilega eða það gráthlægilega í þessu dæmi. Að svona fordómafull afstaða var þó til þess að við vorum upplýstari heldur en flestir aðrir.

*Spyrill: Voru ekki pólitískusar sem nýttu sér þetta og hægri [?] nýttu sér, sem sagt bjuggu nánast til þessa þeoríu um hommana?*

Sko, það er voðalega erfitt að segja til um, það er mjög erfitt að segja til um hvað, í hvaða tilgangi svona bull verður ráðandi. Og það eru til svo sem ýmsar kenningar og pólitískar kenningar um það að þetta hafi verið í raun og veru ákveðinn svona pólitísk aðgerð, en ég vil nú ekki meina að hún hafi endilega verið ráðandi hér á landi. En við erum hluti af hinu kapítalíska, vestræna kerfi og það var auðsjáanlega hluti af því að halda að okkur slíkum staðhæfingum. Veit þetta ekki Lára nógu vel. Jú, þú veist meira um þetta ameríska dæmi heldur en ég. Ég held að við séum ekki það tengd, við erum ekki hluti af Ameríku, en við auðvitað verðum fyrir áhrifum þaðan.

*Spyrill:... öfvakristnuhópana. En heldurðu að einhverju leyti að alnæmi hafi gert eitthvað fyrir okkur, baráttuna okkar?*

Sko, það gerist þegar að alnæmisveiran er uppgötvuð og þessi hystería sem fer í gang um að þetta sé hommasjúkdómur, auðvitað barði hún niður, á vissan hátt í samfélaginu, tiltrú á okkur og gerði okkur að einhverjum þriðja flokks verum. Og þá reyndi á samstöðu okkar. Og ég held að við höfum að lokum sigrað þá baráttu vegna þess að ég held að við höfum bara verið framsýnni og gáfaðri

heldur en flestir aðrir þjóðfélagshópar. Því að við vissum innst inni að það eitt að vera samkynhneigður gæti ekki verið nóg til þess að fá AIDS.

*Hvað með skemmtistaðina á þessum tíma? Fórstu einhvern tímann í Klúbbinn? Geturðu talað um hvernig það er?*

Eins og ég segi, ég hef alltaf lifað í einhverjum svona listamannaheimi. Ég hef alltaf lifað í heimi sem ég hef álitnið sjálfur að væri vinsamlegur og væri opinn og væri gott að vera í. Og ég held að við flest leitum okkur að slíku lífsstarfi og ævistarfi. Þannig að í þeim verndaða hópum og í því verndaða samfélagi er auðveldara að lifa og hrærast í og þeir skemmtistaðir sem ég sótti á mínum yngri árum voru staðir þar sem ég gat verið innan um fólk sem að var umburðarlynt og var ekkert að böggja mann. En maður passaði sig að fara ekki of nálægt húsasundum og öngstrætum í Reykjavík því maður vissi af því að það kom fyrir að fólk var barið fyrir það eitt að árásarmennirnir álitu sem svo að þarna væri hommi eða lesbía á ferð. Þannig að það eru svona dæmi um það að maður hætti sér ekkert út á þá brautir þar sem að maður geti orðið fyrir einhverju sem maður vildi síður verða fyrir. Ég held að það sé engin tilviljun að þeir sem að létu sér í léttu rúmi liggja að aðrir vissu menn væru samkynhneigðir, að menn völdu sér störf í þeim hópum eða þeim starfsgreinum sem að þeir mættu frekar eiga von á því að vera látnir í friði og fá að njóta sín á eigin forsendum.

*Kaffi Gest?*

Já já jú. Fór á Óðal.

*Gulli rakari?*

Þekkti hann ekkert, sko.

*Nei. [Heyri ekki] ... álengdar.*

Já. Sko, ég er nú kannski þannig gerður, sko, ég hef alltaf, ég hef aldrei, ég er þess eðlis, ég er einn af þeim sem neitaði einhvern veginn að þekkja fólk eingöngu af því að það er samkynhneigt.